# Skafrennings- og snjólíkan byggt á fínkvarða veðurlíkönum

*Úrdráttur til birtingar á heimasíðu Vegagerðarinnar*

Sveinn Gauti Einarsson · Veðurvaktin ehf · 4 nóvember, 2026

---

Skafrenningur dregur verulega úr skyggni og aksturskilyrðum á fjallvegum að vetrarlagi, en hefðbundin veðurlíkön á grófri upplausn eiga erfitt með að endurspegla hann með nægri staðbundinni nákvæmni. Í þessu verkefni var samtengda líkanið CRYOWRF notað, sem tengir veðurlíkanið WRF við snjólíkanið SNOWPACK og keyrir á 3 km upplausn yfir allt Ísland. Líkanið var keyrt fyrir veturinn 2025–2026 og reiknar bæði heildarmagn skafrennings og nettó uppsöfnun/rof snævar eftir landslagi og vindafari.

Niðurstöður voru bornar saman við mælingar frá sjálfvirkri veðurstöð á Steingrímsfjarðarheiði og við myndir úr vefmyndavélar á nokkrum stöðum, til að meta hversu vel líkanið endurspeglar raunveruleg skafrenningstilvik. Samanburðurinn sýnir að líkanið nær tímasetningu og umfangi helstu atburða þegar horft er á líkanreitinn næst mælistað og að ástand á vefmyndavélum, allt frá heiðskíru upp í algjöra blindu, fylgir að mestu reiknuðu gildi á hverjum stað.

Afrakstur verkefnisins eru landsdekkandi kort sem sýna hvar skafrenningur og snjósöfnun eru mest, og geta nýst sem grunnur að hættumati og við hönnun og viðhald vega á þeim svæðum þar sem skafrenningur hefur mest áhrif á umferðaröryggi. Auk þess sem unnt verður að gera bæði skafrennings- og leiðarspár.